Ótrúlegur árangur í stuttri sögu fyrstu dansdeildar íslensks íþróttafélags

Dansdeild ÍR er ein af yngstu íþróttadeildum félagsins, stofnuð 2001. Það er í samræmi við frumkvöðlastarf ÍR-inga í íslensku íþróttalífi í 100 ár að ÍR er fyrsta íþróttafélagið í landinu sem stofnar slíka deild. Kraftur hefur verið í henni frá upphafi og þróttmikið uppbyggingarstarf í þágu íþróttarinnar. Tæpast getur nokkur dansdeild, jafnvel þótt leitað sé um heimsbyggðina alla, státað af bronsverðlaunum á heimsmeistaramóti ári eftir stofnun og heimsmeistaratitli áður en hún náði tveggja ára aldri

Eftir að Alþjóðaólympíunefndin (IOC) tók dansinn undir verndarvæng sinn og viðurkenndi sem íþrótt leið ekki á löngu þar til áhugamenn um íþróttina knúðu dyra hjá íslenskri íþróttahreyfingu. Þurftu þeir til að byrja með að knýja nokkuð fast til að komast inn um þær og hljóta fyrirgreiðslu hennar. Fram að því hafði dans og þátttaka í keppni fyrst og fremst verið innan ramma dansskólanna. Höfðu forsvarsmenn þeirra horn í síðu íþróttafélaganna framan af, töldu sig vera að missa spón úr aski sínum og óttuðust um afkomu skólanna. Lögðust þeir hart gegn því að dansinn færi inn í íþróttafélögin og reyndu að leggja stein í götu þeirra sem að því unnu.

Að öðrum ólöstuðum má segja að frumkvöðull að stofnun dansdeildar ÍR sé Sigrún Kjartansdóttir. Í þeim efnum naut hún öflugs liðsinnis Þorbergs Eysteinssonar, framkvæmdastjóra ÍR. Dansæfingar höfðu áður verið stundaðar um skeið í félagsheimilinu við Skógarsel. Þar er fyrirtaks aðstaða til dansiðkunar í sal á efri hæð.

Eigi var fæðingin auðveld og tók sinn tíma vegna ágreinings áhugamanna og atvinnumanna í dansinum. Lagt var að menntuðum kennurum að ganga ekki til liðs við íþróttafélögin. Í aðdraganda

stofnunar deildarinnar var leitað hófanna hjá mörgum danskennaranum að koma til starfa hjá ÍR. Lengi vel þorði enginn af framangreindum ástæðum að taka að sér kennslu, jafnvel þótt ekki væri að kennslu í dansskólunum að hverfa.

Á endanum kom þó að því að Hólmfríður Þorvaldsdóttir gekk fram fyrir skjöldu og tók að sér kennslu hjá dansdeild ÍR. Kenndi hún með góðum árangri hjá ÍR í nokkur ár. Þótt enn séu skiptar skoðanir meðal atvinnumanna og áhugamanna um hvað dansinum sé fyrir bestu hefur sá ágreiningur minnkað mjög og hjaðnað.



Sigrún Kjartansdóttir og Eggert Claessen.

Mikil aðsókn strax eftir fæðingu

Fyrstu stjórn deildarinnar skipuðu Bjarni Þór Bjarnason, formaður, Sigrún Kjartansdóttir, varaformaður, Alda Agnes Sveinsdóttir, gjaldkeri, Þórunn Guðmundsdóttir, ritari, Árni Þór Eyþórsson, Aðalheiður Karlsdóttir og Gottskálk Friðgeirsson. Síðan hafa gegnt formennsku Bjarni Þór Bjarnason, Guðjón Snæbjörnsson, Hulda Sigfúsdóttir og Heiðbjört Harðardóttir.

Þegar í upphafi lagði dansdeildin mikið upp úr kynningarstarfsemi með danssýningum og dreifibréfum auk kynninga í Breiðholtsblaðinu. Skilaði það sér fljótt í mikilli aðsókn að dansæfingum deildarinnar. Á öðru starfsári voru skráðir félagsmenn t.a.m. orðnir tæplega 200. Komu átta þjálfarar að starfinu á öðru ári og lagði deildin í kostnað til að auka menntun þeirra.

Ólíkt öðrum íþróttadeildum almennt hefur fjárhagsstaða dansdeildarinnar verið góð allt frá stofnun. Haft hefur verið að leiðarljósi alla tíð að miða æfingagjöld við það að þau stæðu undir greiðslu launa til þjálfara og aðstoðarþjálfara og öðrum kostnaði vegna reksturs og starfsemi deildarinnar.

Innan hennar var strax í upphafi kenndur og iðkaður almennur samkvæmisdans fyrir alla aldurshópa undir stjórn Hólmfríðar Þorvaldsdóttur. Starfsemi og þjálfun keppnishópa stjórnuðu í byrjun þeir Árni Þór Eyþórsson, Logi Vígþórsson danskennari og Víðir Stefánsson. Ári seinna hætti Logi og fyllti Erla Sóley Eyþórsdóttir hans skarð, en auk þeirra sinnti Anna Claessen kennslu free-style -unglingadansnámskeiðanna.

Lengi vel var ÍR með stærsta keppnishópinn á dansmótum. Og þrátt fyrir vaxtarverki sprækrar deildar náðu

liðsmenn hennar góðum árangri, en þjálfararnir voru flestir reynslulitlir og ungir að árum. Árni og Erla hættu starfi en um það leyti kom fagmenntaður dansþjálfari, Esther Inga Níelsdóttir, til starfa hjá ÍR og varð samstarf þeirra Víðis farsælt. Foreldrar Estherar, Níels Einarsson og Rakel Guðmundsdóttir danskennarar, voru ráðnir til starfa hjá dansdeild ÍR árið 2004. Öll hafa þau þrjú starfað við danskennslu í mörg ár og margoft átt keppendur í verðlaunasætum á mótum, bæði hérlendis og erlendis.

Skjótur árangur af starfi dansdeildar ÍR

Starfsemi deildarinnar komst fljótt í fastar skorður og bar skjótt árangur í yngri aldurshópum svo og unglinga- og framhaldsskólaaldurshópum. Keppnishópur deildarinnar náði glæsilegum árangri þegar á fyrsta starfsári og gaf það starfi deildarinnar byr undir báða vængi. Strax á fyrsta starfsvetri, snemma árs 2002, eignaðist ÍR Íslandsmeistara. Þorleifur Einarsson og Ásta Bjarnadóttir urðu meistarar í suðuramerískum dönsum, Pétur Kristjánsson og Ása Karen Jónsdóttir í suður-amerískum dönsum og sígildum, Friðrik Árnason og Sandra Júlía Bernburg í sígildum dönsum og Grétar Ali Khan og Jóhanna Berta Bernburg í 10 dönsum og sígildum dönsum.

Og félagsmenn létu strax til sín taka á erlendum vettvangi en þangað hafa dansarar verið duglegir að sækja til að forframast enn frekar í íþrótt sinni. Þorleifur og Ásta, sem að framan eru nefnd, gerðu sér lítið fyrir og urðu í sjötta sæti á Norðurlandamótinu í október 2001. Með því kórónuðu þau góðan árangur sinn í mótum heima

Karen Björk Björgvinsdóttir og Adam Reeve.

og erlendis. Endurtóku þau leikinn á Norðurlandamótinu sem fram fór í Örebro í Svíþjóð í desember 2003. Urðu aftur í sjötta sæti af 18 pörum í flokki 14–15 ára.

Adam Reeve og Karen Björk Björgvinsdóttir urðu Ástralíumeistarar í bæði samkvæmisdansi og suður-amerískum

dansi 2002, 2003 og 2004. Þau höfðu orðið Evrópumeistarar árið 2000 og héldu þeim titli í tvö ár. Urðu þau að auki í verðlaunasætum á nokkrum sterkustu mótum atvinnudansara víðs vegar um heim. Meðal annars unnu Adam og Karen Björk til silfurverðlauna í keppni 90 atvinnupara í opnu heimsmóti í Osaka í Japan í nóvember 2003. Þá veittu þau forsmekkinn að því sem koma skyldi er þau urðu í þriðja sæti í heimsmeistarakeppni í 10 dönsum í Düsseldorf í Þýskalandi rétt eftir að dansdeild ÍR var stofnuð en þau gerðust strax liðsmenn hennar. Þótt þau yrðu í þriðja sæti urðu þrjú efstu pörin í keppninni jöfn að stigum.

Karen Björk og Adam uppskera heimsmeistaratitil

Eftir að hafa fundið reykinn af réttunum nokkrum sinnum fengu Karen Björk og Adam að njóta þeirra er þau unnu það stórvirki á HM í samkvæmisdönsum í Tókýó í júní 2003 að verða heimsmeistarar. Brutu þau með því blað í íslenskri danssögu því þar með eignuðust Íslendingar heimsmeistara í dansi í fyrsta sinn. „Þetta er eitthvað sem maður trúir ekki ennþá. Þetta kom okkur mjög á óvart. Við vorum búin að búa okkur vel undir keppnina og við erum búin að æfa mikið og leggja mjög mikið í þetta, bæði peningalega, andlega og líkamlega, en þetta var allt þess virði," sagði Karen við Morgunblaðið eftir sigurinn. Þau Adam báru sigurorð af 22 pörum alls staðar að úr heiminum í keppni í 10 dönsum. Til verðlauna gilti samanlagður árangur í suður-amerískum dönsum og standard-dönsum.

Keppnin var löng og ströng, hófst klukkan níu að morgni og lauk tólf stundum seinna. Að baki árangrinum lágu þrotlausar margra mánaða æfingar. „Maður verður að hafa jákvætt hugarfar gagnvart því sem maður er að gera og segja við sjálfan sig á hverjum degi að maður ætli að verða meistari hvort sem það gerist eða ekki. Við æfðum flesta daga, dönsuðum í tvo tíma á morgnana og þrjá tíma seinnipartinn og þar á milli vorum við í tímum hjá þjálfurum," sagði Karen. Á þessum tíma höfðu þau dansað saman í fjögur og hálft ár og verið gift í tvö ár. Hún sagði titilinn hafa mjög mikla þýðingu fyrir þau sem atvinnudansara og fyrir alla framtíð. Hún kvaðst og vona að hann hefði jákvæð áhrif fyrir dans á Íslandi.

Er Karen og Adam komu til Íslands sem heimsmeistarar héldu dansdeild ÍR og Dansíþróttasamband Íslands móttöku þeim til heiðurs í ÍR-heimilinu. Afhenti Þorbergur Halldórsson, formaður ÍR, þeim heiðursmerki félagsins og varaformaður dansdeildarinnar, Sigrún Kjartansdóttir, afhenti þeim veglegan verðlaunagrip sem Kristinn Sigurðsson gullsmiður í Tímadjásni smíðaði í tilefni þess að þau voru útnefnd afreksmenn dansdeildar ÍR. Einnig ávörpuðu meistarana þeir Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, og Heiðar Ástvaldsson danskennari.

Kenna og sýna víðsvegar um heim

Meðal viðurkenninga sem Karen og Adam hlutu fyrir árangur sinn á HM í Tókýó var að þau voru útnefnd íþróttakona og íþróttamaður ÍR 2003. Karen hlaut þá viðurkenningu einnig 2002. Hún var einnig útnefnd íþróttamaður Reykjavíkur árið 2003 af Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR). Eftir sigurinn á HM sköruðu þau fram úr á mótum atvinnumanna um heim allan, voru ávallt í fremstu röð og í verðlaunasætum. Endurtóku þau leikinn á opna ástralska meistaramótinu og unnu bæði til gullverðlauna í suður-amerískum dönsum sem hefðbundnum samkvæmisdönsum. Milli móta sinntu þau danskennslu og sýningum víða um heim. Líf Karenar og Adams hafði snúist um dans frá barnæsku, hennar frá sex ára aldri og hans frá sjö ára aldri. Svo verður væntanlega alla ævi þeirra því eftir að þau lögðu keppni á hilluna 2006 ákváðu þau að helga sig sýningum og kennslu. Karen hafði þá dansað í 19 ár og Adam í 27 og saman höfðu þau keppt í átta ár. Áformuðu þau að opna dansskóla í Sydney fljótlega eftir að þau hættu keppni.

Má að sönnu segja að þau hjónin hafi búið í ferðatöskum árum saman meðan keppnisferill þeirra stóð sem hæst. Fyrir utan keppnir bauðst þeim að sýna dans, kenna og flytja fyrirlestra hér og þar um heiminn. Slíku sinntu þau í Asíu, Ameríku og Evrópu; m.a. á Filippseyjum, í Singapúr, Suður-Kóreu, Indónesíu, Japan, Bretlandi og Ástralíu, heimalandi Adams.

Aukinheldur gáfu þau sér alltaf tíma til að koma heim til Íslands og sinna danskennslu hjá ÍR. Esther Inga Níelsdóttir þjálfari sagði um slíka heimsókn 2003 að ómetanlegt væri að fá þau Karen og Adam til að kenna krökkunum í ÍR. „Krakkarnir líta upp til þeirra og þau kenna okkur allt það nýjasta sem er að gerast í dansheiminum nú um stundir. Við þjálfararnir fáum mikið út úr þessum tímum, ekki síður en krakkarnir, sjáum mikið af nýjungum og fáum nýjar hugmyndir til þess að vinna úr. Það er því mjög gott fyrir okkur að fá tækifæri til að fylgjast með þeim kenna," sagði Esther.

Foreldratími

Nokkru áður en þau urðu heimsmeistarar var Karen og Adam boðið að taka þátt í klukkustundarlangri sýningu sem haldin var í Tókýó til heiðurs Makasa Japansprins. Auk prinsins var margt japanskra fyrirmanna viðstatt og forystumenn danshreyfingarinnar

hvaðanæva úr heiminum. Sýningin var tekin upp á myndband sem gefið var út í Japan.

Sótt til annarra landa með góðum árangri

Á stuttum starfstíma dansdeildar ÍR hafa liðsmenn hennar sótt fjölda alþjóðlegra móta ár hvert. Hafa þeir gert víðreist í þessu sambandi. Mest hefur verið sótt til Danmerkur og Englands, en einnig til Belgíu, Ítalíu, Írlands, Tékklands, Litháens, Japans, Noregs, Svíþjóðar, Hollands, Austurríkis og Spánar. Árangurinn af útrásinni hefur oft verið góður. Í opinni keppni haustið 2001 í Brentwood við London unnu Karl Bernburg og Helga Soffía Guðjónsdóttir til silfurverðlauna í sígildum samkvæmisdönsum. Á opnu alþjóðlegu móti í Noregi 2003 fóru Arnar Georgsson og Tinna Rut Pétursdóttir með sigur af hólmi í sínum flokki. Tvö pör komust í úrslit í 10 dönsum í flokki unglinga á opna breska meistaramótinu árið eftir og á Norður-Evrópumóti í Kaupmannahöfn 2004 hreppti ÍR þriðja sæti í aldursflokknum 12–13 ára.

Barnakennsla

Fjöldi ÍR-inga tók þátt í alþjóðlegu dansmóti, Celtic Classic, í Tralee á Írlandi undir lok febrúar 2003 og uppskar einstaklega vel. Þorleifur Einarsson og Ásta Bjarnadóttir, sem voru sterkasta danspar ÍR í unglingaflokki á þessum tíma, gerðu sér lítið fyrir og unnu keppni í sígildum samkvæmisdönsum í flokki 12–15 ára. ÍR-ingar voru nokkuð sterkir í þessum flokki því Jón Þór Jónsson og Laufey Karlsdóttir urðu í öðru sæti og Stefán Claessen og María Carrasco í fjórða sæti. Í opnum flokki 14–15 ára í sígildum samkvæmisdönsum urðu Þorleifur og Ásta í þriðja sæti. Þau urðu einnig í fjórða sæti í opnum flokki 14-15 ára í suður-amerískum dönsum. Loks kórónuðu þau árangur sinn með því að verða hlutskörpust 17 para og sigra í keppni í suður-amerískum dönsum. Enn voru ÍR-ingar allsráðandi því í öðru sæti urðu Aðalsteinn Kjartansson og Edda Guðrún Gísladóttir, Stefán og María í 3. sæti, Karl Bernburg og Ása Karen Jónsdóttir í 4. sæti.

Fyrir utan að sinna félagsstarfinu af krafti hjá dansdeild ÍR á bernskuárum hennar gaf Sigrún Kjartansdóttir sér tíma til að spretta úr spori á dansgólfinu með manni sínum Eggert Claessen. Kepptu þau í flokki 35 ára og eldri á mótum undir merkjum ÍR og voru auk þess fulltrúar Íslands í fjórum heimsmeistaramótum fullorðinna dansara.

Ný kynslóð að vaxa upp

Snurða hljóp á þráðinn í starfsemi dansdeildar ÍR árið 2005. Varð hún þá að sjá á eftir flestum para sinna í meistaraflokki yfir í önnur dansfélög og -skóla. Var það blóðtaka þar sem flokkurinn hafði unnið til fjölda Íslandsmeistaratitla í hinum ólíku flokkum. Deildin þótti þó eiga bjarta framtíð ef vel væri að verki staðið. Góður efniviður var þá þegar fyrir hendi í yngri flokkunum sem þóttu verðugir arftakar þeirra sem brott fóru. Það fékkst rækilega staðfest í lok febrúar 2006 er fimm pör úr dansdeild ÍR tóku aftur þátt í alþjóðlega mótinu í Tralee á Írlandi, sem talið hefur verið eitt af stóru heimsmótunum í dansi. Vöktu þau mikla athygli með frammistöðu sinni og heim komu þau sem fyrr hlaðin verðlaunum. Átti dansdeild ÍR pör í úrslitum í öllum greinum mótsins sem þau tóku þátt í.

Dansdeild ÍR hefur ekki einungis haldið úti æfingum og ræktað upp keppnisfólk. Hún hefur einnig boðið upp á dansnámskeið fyrir börn, unglinga, fullorðna og eldri borgara. Kenndir hafa verið barnadansar, unglingadansar, samkvæmisdansar og gömlu dansarnir fyrir fólk á öllum aldri, jafnt byrjendur sem lengra komna. Eins og í síldinni forðum hefur ekki þurft súld og brælu til að menn skemmti sér við dillandi spil og dansana fleiri og fleiri. Líf og fjör hefur ætíð verið á „Dalvík og Dagverðareyri“ dansdeildar ÍR. Árangur dansara deildarinnar verður að teljast mjög góður heima sem í stórum alþjóðlegum danskeppnum.

Hann er fyrst og fremst uppskera mikillar vinnu og þrautseigju bæði dansaranna sjálfra og þrautseigra stjórnenda og starfsmanna deildarinnar.

Jólaball 2006